



REYKJAVÍK, Í JÚLÍ 1963

FRÚ ÓLÖF PÁLSDÓTTIR MYNDHÖGGVARI
R E Y K J A V Í K .

KÆRA ÓLÖF,

Í FRAMHALDI AF MUNNLEGUM SAMNINGUM OKKAR Í MILLI FYRIR TVEIM
ÁRUM SÍÐAN, Í SAMBANDI VIÐ SKREYTINGU Í SKÁLHOLTSKIRKJU, ÞÁ
LEYFI ÉG MÉR, SEM ARKITEKT KIRKJUNNAR AÐ TAKA ÞETTA FRAM :

- 1.)- ÞESS VAR ÓSKAÐ, AÐ ÞÚ GERÐIR EFTIR EIGIN VALI Í ÚTFÆRZLU
MYNDSKREYTINGU YFIR INNGÖNGUDYRUM OG Á BOGA YFIR VESTUR-
GAFLI FORKIRKJU, ÁSAMT HÁDRIÐ FYRIR PALLI. FRAM VAR TEKIÐ
AÐ FULLT TILLIT YRÐI AÐ TAKA TIL AÐALGLUGGA YFIR ANDDYRI.
- 2.)- ÞESS VAR ÓSKAÐ AÐ ÞÚ EINNIG GERÐIR LÁGMYND YFIR AÐAL-
INNGÖNGUDYRUM KIRKJUNNAR AÐ UTAN.

Á ÞESSU ÁRI HEFIR ÞÚ GERT AÐ MÍNUM DÓMI FAGRA KRISTSMYND, SEM
TÁKN UPPRISU. SAMYKKTÍ ÉG HANA FYRIR MITT LEYTI, OG LAGÐI TIL
AÐ HÚN YRÐI STEYPT Í BRONZE MEÐ GULLINNI ÁFERÐ.
EFTIR AÐ HAFI SÉÐ ÞESSA KRISTSMYND ÞÍNA NÚ Á S.L.VORI, RÆDDI ÉG
VIÐ BISKUP LANDSINS UM STAÐSETNINGU MYNDARINNAR, ÞAR SEM ÞÚ
HAFÐIR VALIÐ HENNI STAÐ Í OPI YFIR INNGANGI Í KIRKJUHÚSIÐ.
BISKUP TALDI ÞÁ ÞANN STAÐ EKKI GETA KOMIÐ TIL GREINA, OG AF
"LITHURGIISKUM" ÁSTÆÐUM EKKI UNNT AÐ HAFI SLÍKT LÍKNESKI Í
FORKIRKJU AÐ BAKI SAFNAÐAR. HINSVEGAR SKYLDU ATHUGAÐIR MÖGU-
LEIKAR Á AÐ KOMA MYNDINNI FYRIR Á ÖÐRUM VIRÐULEGUM STAÐ Í
KIRKJUNNI Í SAMRÁÐI VIÐ BISKUP, ÞIG OG MIG, -OG MYNDIN ÞÁ STEYPT
Í BRONZE ÞEGAR ÞVÍ VÆRI LOKIÐ, OG FJÁRHAGSGRUNÐVÖLLUR FENGINN.
HEFI ÉG LAGT ÁHERZLU Á AÐ ÞAÐ YRÐI SEM ALLRA FYRST.

EFTIR ERU SVO HIN VERKEFNIN TVÖ, -LÁGMYNDIR UTAN OG INNAN KIRKJU
EN AÐ ÞEIRRI SKREYTINGU MUNNT ÞÚ EKKI ENN HAFI GERT NEINAR
TILLÖGUR, EN ÞYRFTU AÐ GERAST ÁÐUR LANGT LÍÐUR, OG ÞAR ENGU
BREYTT UM VERKEFNI ÞITT AF MINNI HÁLFU, ENDAÞÓTT TIL BRÁÐABIRGÐA
HAFI VERIÐ KOMIÐ FYRIR ÚR EIR, FANGAMARKINU PX Í BOGAFLÖTINN
Á AUSTURVEGG, Í SAMBANDI VIÐ VÍGSLU KIRKJUNNAR.

MEÐ VIRÐINGU OG BEZTU KVEÐJUM,